

**Nr. 115/ 11 Íris Ósk SH 280****Ásigling á Breiðafirði**

Skipaskr.nr. 2484  
Smíðaður: Akranesi 2000 plast  
Stærð: 8,5 brl. 5,6 bt.  
Mesta lengd: 9,23 m Skráð lengd: 8,05 m  
Breidd: 2,78 m Dýpt: 1,32 m  
Vél: Caterpillar 175 kW 2000  
Fjöldi skipverja: 2

**Gögn:**  
Gögn RNS



Íris Ósk ©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 3. febrúar 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 21. september 2011 var Íris Ósk SH 280 á hægri siglingu úr Stykkishólmshöfn. Veður : Logn.

Skipstjóri taldi sig vera kominn vestur fyrir Súgandiseyjarhorn eins og ferill í siglingatölvunni sagði til um. Hann beygði til norðurs út úr höfninni og setti sjálfstýringu inn. Eftir smá stund kom mikið högg á bátinn og sá skipstjóri í myrkrinu að hann hafði siglt í fjöruna undir Súgandisey. Hann sigldi þegar að bryggju aftur og aðgætti hvort leki hefði komið að bátinum en enginn fannst.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skipstjóri sagðist hafa verið á hægustu ferð og hann séð af ljósum í höfninni að hann var kominn vestur fyrir Súgandisey og siglingaforritið ( Maxsea) hafi einnig sýnt það. Hann hafi því sett stefnu í 30° út úr hafnarmynninu, stillt sjálfstýringuna á þá stefnu og sett hana inn en í myrkrinu hafi hann ekki séð að báturinn beygði til stjórnborða;
- að sjálfstýringin er af Furuno gerð NavPilot-500 sem fær boð frá GPS-áttavita SC-50.
- að svokölluð „sjóræningjaútgáfa“ af siglingaforritinu MaxSea var um borð;
- að leiðarmerki eru á Ytri höfða sem gefa örugga staðarlínu um hafnarmynnið. Ljósín eru greinileg en skipstjóri sagðist ekki hafa fylgst með þeim eða haft þau til hliðsjónar við siglinguna í þetta sinn. Hann taldi sig hafa góða

staðsetningu þar sem hann studdist við siglingaforritið sem aldrei hafi brugðist;

- að sögn skipstjóra gæti stýringin hafa slegið út en ekki hafi borið á bilunum í henni;
- að skipstjóri sagðist ekki vita nákvæmlega hvar hann sigldi upp í klettana því við höggið hafi hann bara bakkað frá og siglt strax að bryggju til að skoða skemmdir sem reyndust minniháttar. Þegar enginn leki fannst beið hann eftir aðfallinu og tók bátinn upp á flóði.

### ***Nefndarálit:***

Orsök atviksins má rekja til aðgæsluleysis skipstjóra við siglingu út úr höfninni.

Nefndin vekur athygli á því að „sjóræningjaútgáfur“ af siglingaforritum eigi ekki undir nokkrum kringumstæðum að vera í notkun um borð í skipum eða bátum.